

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/675
komudagur 17.12.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

16. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá, 351. mál.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 27. nóvember sl. fengið tilvitnað þingmál til umsagnar.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu gera athugasemd við 9. tölulið 4. gr. þar sem segir að skrá skuli þau atriði í fyrirtækjaskrá sem nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opðinberra aðila um miðlin upplýsinga. Samtökin telja þetta ákvæði vera of rúmt og telja að skilgreina þurfi betur hvað átt er við. Nærtækast væri að tilgreina þau atriði sem koma fram í athugasemdum um þennan tiltekna tölulið frumvarpsins. Óeðlilegt er að heimila embætti Ríkisskattstjóra að krefjast hverra þeirra upplýsinga frá fyrirtækjum sem embættið telur að rúmist innan lagaákvæðisins. SVÞ telja lagaheimildina geta valdið fyrirtækjunum óþarfa óþægindum og enga ástæðu til að bjóða slíkri þeirri hættu heim.

Að öðru leyti gera SVÞ ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Emil B. Karlsson
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu